

## Umsögn um; Frumvarp til laga um þjóðgarðastofnun og þjóðgarða. Þingskjal 1238 – 778. mál.

Ljóst er við lestur fyrirbyggjandi frumvarpsdraga að til stendur að búa til enn eina stofnunina. Þessi stofnun verður með mikla yfirbyggingu og flókið stjórnkerfi. Mestar líkur eru á að hún verði dýr og óskilvirk. Reynsla er komin af rekstri Vatnajökulsþjóðgarðs (VJB), sem er með sambærilega uppbyggða innviði, og þar hefur verið mikill stjórnunarvandi sem erfitt hefur verið að hafa yfirsýn yfir. Reikna má með að í enn flóknari stofnun eins og fyrirhuguð þjóðgarðastofnun er þá verði enn meiri líkur á skipulagsleysi og fjársóun. Athyglisvert er að enginn vilji virðist vera til að nota núverandi stofnanir eins og Umhverfisstofnun sem er til nú þegar með uppbyggðum innviðum og þróuðu stjórnkerfi.

Þrengt er að valdi sveitarfélaga þar sem mörk þeirra liggja að eða innan þjóðgarðs. Í mgr. 28. greinar segir; Sveitarstjórnir eru bundnar af efni stjórnunar- og verndaráætlunar við gerð skipulagsáætlana fyrir landsvæði innan þjóðgarðs. Skilja má þessa málsgrein þannig að búið sé að takmarka völd sveitarfélaga til skipulagningar lands innan sinna eigin sveitarfélagamarka. Þetta er vald sem þau óumdeilanlega hafa samkvæmt skipulagslögum.

Í annarri málsgrein sömu greinar segir; Slíkar framkvæmdir kunna eigi að síður að vera háðar framkvæmdaleyfi eða byggingarleyfi viðkomandi sveitarfélags. Samkvæmt þessarri málsgrein þurfa sveitarfélögin að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir því sem gert er innan þjóðgarðsmarka. Þó má skilja textann þannig að væntanleg stofnun verði á einhverjum sviðum hafin yfir skipulagslög.

Í þriðju málsgrein sömu greinar segir; Þjóðgarðastofnun hefur eftirlit með framkvæmdum og að virt séu ákvæði laga þessara, reglugerðar um viðkomandi þjóðgarð ásamt stjórnunar- og verndaráætlun og þeim skilyrðum sem stjórnarfrumvarp framkvæmdinni eru sett þar. Hvergi er getið um að Byggingafulltrúi viðkomandi sveitarfélags komi að eftirliti eins og mannvirkjalög kveða á um.

Í fjórðu málsgrein 30. greinar segir; Akstur vélknúinna ökutækja utan vega í þjóðgarði er bannaður. Með þessu virðist verið að afturkalla það leyfi sem leiðsögumenn með hreindýraveiðum og bændur hafa haft til aksturs utan slóða í lögmætum tilgangi, við smölum og til að sækja fellda bráð. Það var skýrt tekið fram á þeim fundum sem haldnir voru á sínum tíma til kynningar á þjóðgarði að aðgengi innan þjóðgarðs yrði ekki skert, hvort sem væri vegna smalamennsku eða veiða.

Ekki er ólíklegt að ágreiningur getur orðið þegar til framkvæmda kemur þar sem valdmörk eru óljós á milli nýrrar stofnunar og viðkomandi sveitarfélags. Eðlilegra er að ný stofnun fylgi sömu lögum og almennt gilda um skipulags og byggingamál.

Stjórn Félags leiðsögumanna með hreindýraveiðum (FLH) áskilur sér rétt til að gera athugasemdir á seinni stigum og þegar meiri upplýsingar liggja fyrir.

f..h. FLH Félags leiðsögumanna með hreindýraveiðum.

---

Jón Hávarður Jónsson